



Getur íslensk mjólkurframleiðsla staðið á eigin fótum?


Samtímis því að framleiðsla og sala á mjólkurafurðum hefur aukist á síðustu árum hefur fjöldi og fyrirkomulag kúabúa í landinu breyst. Einstökum framleiðendum hefur fækkað jafnt og þétt á meðan framleiðsla þeirra hefur aukist.

Árið 2012 voru 668 kúabú á Íslandi með alls um 24.761 mjólkurkúr. Meðalfjöldi mjólkurkúa á íslensku kúabúi var um 41¹. Um aldamótin voru rúmlega 1.000 kúabú á landinu með 29 kúr að meðaltali á hverju búi. Á sama tíma og kúabúum og mjólkurkúm hefur fækkað hefur framleitt magn af mjólk aukist um 19 milljónir lítra eða um 18,4%. Meðalnyt² á hverja mjólkurkú hafa því aukist umtalsvert. Meðalnyt á hverja kú á Ísland voru 5.213 kg. árið 2012. Þau hafa aukist að meðaltali um tæp 50 kg. á ári frá árinu 1962³ á meðan meðalnyt í t.d. Danmörku hafa aukist um 95 kg. að meðaltali á ári yfir sama tímabil.


Framleiðniaukningin minni hér á landi en í Evrópu

Svipuð þróun hefur átt sér stað innan Evrópusambandsins þar sem býlum fækkaði um helming frá 2003 til 2010. Á sama tíma hefur meðalfjöldi kúa á hverju býli tvöfaldast eða úr 30 í 60 kúr árið 2013, samkvæmt skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.


Samkvæmt Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) voru meðalnytin í evrópskri mjólkurkú 5.580 kg./kú árið 2012 samanborið við 7.470 á Norðurlöndunum og 5.213 hjá Íslandi. Nytin hafa verið mest í Norður- og Vestur-Evrópu með 6.908 og 7.020 kg./kú árið 2012. Heildarframleiðslan hér á landi jókst um 15,8% (1,2% á ári) á tímabilinu frá 2001 til 2013.



Heimildir: Búnaðarsamband Suðurlands, FAO



Heimild: FAO



Heimild: FAO

¹ Kúabú eru ekki einu býlin sem eiga mjólkurkúr

² Í þessari grein eru meðalnyt reiknuð sem innvigtuð mjólk á móti heildarfjölda mjólkurkúa líkt og Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna skilgreinir stærðina

³ Matar- og Landbúnaðarsamband Sameinuðu þjóðanna (FAO)



Skiptir stærðin máli?

Samanborið við önnur lönd í Evrópu er Ísland í raun mjög neðarlega þegar kemur að bústærð með 41 kú að meðaltali á hverju búí, en dæmi eru um að meðalbúið sé með yfir 200 kúr í einstökum löndum. Flest lönd í Evrópu eru hins vegar með rétt rúmlega 50 kúr á meðalbúinu.

Ef tölur fyrir Evrópusambandið eru skoðaðar virðist sem eitthvert sambengi sé milli stærðar meðalbús og meðalnytja. Eftir því sem að meðalbúið stækkar í allt að 50 kúr aukast meðalnytin úr rúmum 4.000 kg./kú í rúm 7.000 kg./kú. Nytin virðast svo staðna nokkuð í kringum 7-8.000 kg./kú og eftir því sem meðalbúið stækkar enn frekar.

Slóvakía, Írland og Ísland skera sig nokkuð úr þegar kemur að stærð hjarðar og meðalnytja bústofnsins. Írland og Ísland eru t.d. með svipuð nyt og lönd sem eru með helmingi minni bú, eins og t.d. Lettland og Slóvenía. Kall tímans virðist vera aukin nyt og stærri bú og eru merki um þessa þróun víðsvegar í heiminum. Besta dæmið er framleiðsla í Bandaríkjunum sem voru með ein hæstu meðalnyt í erlendum samanburði árið 2013 samkvæmt Matvælastofnun Sameinuðu Þjóðanna, 9.841 kg./kú. Árið 2012 framleiddu t.a.m. 7% af búum Bandaríkjanna um 63% af allri mjólk í landinu. Líkt og í Evrópu hefur býlum í Bandaríkjunum fækkað ört undanfarin áratug samtímis því að meðalnytin aukast og býlin stækka.


Samantekið má því segja að bústærð skiptir máli þegar kemur að nytum, upp að vissri stærð. Hvort það hefur beina tengingu við betri afkomu verður nánar vikið að síðar.

Hvernig gengur reksturinn?

Ríkisstuðningur með einum eða öðrum hætti hefur að miklu leyti einkennt íslenskan landbúnað sem og víða erlendis. Verð sem íslenskir bændur fá greitt fyrir mjólk skiptist á eftirfarandi hátt. Beinar greiðslur á hvern innvegin lítra á verðlagsárinu 2014 eru 43,7 kr/ltr. fyrir greiðslumark, 1,3 kr/ltr. í kynbóta og þróunarfé, 5,18 kr/ltr í gripagreiðslur og verð frá afurðarstöð er 82,9 kr/ltr., samtals 134,6 kr/ltr.


Ef mjólkurlítrinn úr búð kostar 130 kr. (sem er algengt smásöluverð um þessar mundir) er hlutfall verðs til bændu (innan greiðslumarks) af búðarverði

Meðalnyt á móti fjölda kúa á býli




Heimildir: European Council,

Verð frá afurðarstöðvum og beingreiðslur



Heimild: SAM, Landssamband kúabænda

Niðurbroti á mjólkurverði til bændu



Heimild: Landssamband kúabænda



um 103,6% um þessar mundir. Þetta sama hlutfall var að meðaltali 35% innan ESB árið 2011 samkvæmt greiningu Ernst & Young⁴ á evrópskum mjólkuriðnaði frá 2013.




Hagstofan tók saman hagreiðninga landbúnaðarins fyrir árið 2012, meðal annars efnahags- og rekstraryfirlit kúabúa. Fram að árinu 2012 sá Hagþjónusta landbúnaðarins um yfirlitin. Heilt á litið má áætla að hagnaður kúabúa á landinu í heild hafi verið tæpir 2 ma.kr. árið 2012⁵.

Sumum gengur vel, öðrum síður

Hagnaður íslensku kúabúanna virðist aukast lítillega samhliða framleiðsluheimild þeirra. Það vekur hins vegar athygli að stærstu búin voru eini flokkurinn sem var rekinn með tapi. Í þeim flokki voru hins vegar einungis 10 kúabú sem skiluðu rekstraryfirliti til Hagstofunnar. Árið 2012 var hlutfall rekstrarhagnaður (hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og óreglulegar tekjur) á móti beingreiðslutekjum frá ríkinu 0,9 hjá meðalkúabúinu samkvæmt tölum Hagstofunnar. Með öðrum orðum, ef beingreiðslanna nyti ekki við væri rekstrarafkoman neikvæð miðað við núverandi verðfyrirkomulag, en stutt er í land. Hins vegar var meðal rekstrarhagnaður hjá þremur af stærri flokkum mjólkurbúa yfir beingreiðslutekjum (hlutfallið yfir 1) sem gefur til kynna að undirliggjandi rekstur innlendra búa sé sterkari eftir því sem það er stærra.

Framlegð á kú virðist aukast jafnt og þétt með bústærð sem gefur til kynna að meðalnyt á kú séu hærra hjá stærri búum. Meðalnyt framleiðslumesta flokksins voru 24% hærra en þess minnsta árið 2012. Meðalframlegðin hefur aukist að nafnverði úr 295.546 árið 2005 í 428.424 kr. á kú árið 2011, sem er 6,4% meðalársvöxtur, -1,1% meðalársvöxtur að raungildi. Framlegð á kú eykst nokkuð jafnt og þétt með auknum fjölda kúa sem gefur til kynna að samlegðaráhrif séu nokkur í mjólkuriðnaðinum; árið 2011 var framlegð framleiðslumesta flokksins 22% hærra en þess framleiðsluminnsta.

Hagnaður evrópskra kúabúa hefur sveiflast nokkuð frá árinu 2007, náði lágmarki 2009. Þessi



⁴ Analysis on future developments in the milk sector (2012); Ernst & Young

⁵ Reiknað út frá meðalhagnaði þeirra 132 kúabúa sem skiluðu rekstraryfirliti til Hagstofunnar fyrir árið 2012. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi kúabúa sé 668, en sé hagnaðar dreifing þeirra búa sem ekki skiluðu yfirliti önnur verður nálgunin bjöguð og hagnaðurinn ofáætlaður.






hagnaðardýfa skýrist aðallega af lækkandi tekjum þar sem kostnaður breyttist lítið á tímabilinu. Þessi staða helst í hendur við hversu illa iðnaðurinn er í sveit settur með að bregðast við breyttri eftirspurn. Svipuð dýfa átti sér stað á Íslandi þar sem flest bú voru rekin með tapi árin 2007, 2008 og 2009 en með ágætum hagnaði 2010 og 2011.

Fjármagnsliðir hafa haft mest áhrif á hagnað kúabúanna síðustu ár. Ef lítið er framhjá þeim hefur hagnaður aukist jafnt og þétt öll árin, eða um 118% í heildina sem jafngildir 14% ársvexti. Af þeim 145 kúabúum sem skiluðu rekstraryfirliti til Hagþjónustu landbúnaðarins árið 2011 voru einungis 15 sem sýndu rekstrartap. Annar liður sem getur haft sýnileg áhrif á hagnað kúabúa eru greiðslumarksskaup. Fram til 2010 mátti færa greiðslumarksskaup til gjalda á fimm árum sem dregst frá hagnaði við afskriftir. Þetta gefur bjagaða mynd af hagnaði þeirra búa sem hafa verið að stækka við sig.

Eiginfjárstaðan er almennt veik

Efnahagsyfirlitið frá Hagstofunni sýnir bæði eigna- og skuldastöðu búanna fyrir rekstrarárið 2012. Yfirlitið sýnir hvernig skuldastaða búanna þróast eftir framleiðsluheimild. Eiginfjárlutfall búanna virðist versna með stærð þar sem heildarskuldastaðan eykst hraðar en eignastaðan eftir því sem býlin stækka. Niðurstöðurnar segja reyndar ekki alla söguna því hér skipta viðskipti með greiðslumark (framleiðsluheimild) og fleiri þættir einnig máli. Síðustu ár hafa kaup á greiðslumarki verið ein helsta leiðin fyrir kúabú til að auka framleiðslu en eins og kom fram í fyrri [grein okkar](#) um mjólkurframleiðsluna, hafa aðstæður breyst þannig að nú fá búin greitt fullt verð fyrir alla umframframleiðslu, a.m.k. tímabundið. Þetta hefur gert bændum kleift að stækka við sig eins og tölur um þróun fjölda býla og meðalinnvigtun staðfesta (7% aukning innvigtunar þar sem af er ári).

Hlutfall heildarskulda á móti tekjum er ágætur mælikvarði fyrir rekstrar- og efnahagslega stöðu búanna. Heildarskuldir voru um 2x tekjur árið 2005 og hækkuðu mest upp í 2,9x árið 2009. Hlutfallið hefur batnað jafnt og þétt síðan og samkvæmt Hagþjónustu landbúnaðarins var veltufé kúabúa að meðaltali 2,4 m.kr., fastafé 31,2 m.kr. og eignir alls 33,6 m.kr. árið 2011. Skuldir námu alls 55,9 m.kr.





sem gerir hlutfall skulda af heildartekjum 1,8x að meðaltali.

Framtíðar framleiðsluhorfur

Framfarir í mjólkurframleiðslu hér heima og erlendis hafa verið miklar síðustu áratugi og ekki er óalgengt að meðalnyt í einstökum löndum séu í kringum 6.000 – 8.000 lítrar á kú. Nyt íslenskra kúa eru rétt undir meðaltali landanna en ansi stórt bil er bæði upp og niður. Gæði innihalds og samsetning fóðurs, tæknivæðing og kynbætur eru þeir þættir sem hafa lagt mest til aukinnar framleiðni í mjólkurframleiðslu heimsins síðustu 100 árin. Samkvæmt erlendum rannsóknnum er útlit fyrir að hægt hafi á framleiðniaukandi tækniframförum og búist er við að þróunin verði framvegis að mestu leyti drifin áfram af bættum gæðum bústofna t.d. með kynbótum eða aðkeyptum mjólkurkúm. Eins og áður kom fram hefur stærð og framleiðni kúabúa innan Evrópu haldist nokkurn veginn í hendur. Ísland, ásamt Írlandi og Slóvakíu, skera sig þar úr með lakari framleiðni. Ein skýring á hægari þróun hér á landi kann að vera takmarkaðir möguleikar til kynbóta vegna strangra reglna um verndun íslenska kúastofnsins.

Jákvæð þróun í átt að sjálfbærri mjólkurframleiðslu án framleiðslutengds ríkisstuðnings

Samhliða því að framleiðsla og sala á mjólkurafurðum hefur aukist á síðustu árum hefur fjöldi og fyrirkomulag kúabúa í landinu breyst. Einstökum framleiðendum hefur fækkað jafnt og þétt meðan framleiðsla þeirra hefur aukist. Á sama tíma og kúabúum og mjólkurkúm hefur fækkað hefur mjólkurframleiðslan aukist um 19 milljónir lítra eða um 18,4%. Meðalnyt á hverja mjólkurkú hafa því aukist umtalsvert. Þrátt fyrir þessa aukningu þá stendur Ísland í raun aftarlega þegar kemur að bústærð og meðalnytjum samanborið við nágrannaþjóðir okkar. Samkvæmt Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna voru meðalnytin á Íslandi árið 2012 um 30% lægri en á hinum Norðurlöndunum.

Samlegðaráhrif virðast vera nokkur í mjólkurrekstri hér á landi þegar grunnreksturinn er skoðaður. Rekstrarhagnaður sem hlutfall af beingreiðslutekjum fer hratt hækkandi með bústærð þar sem að nokkrir flokkar hafa hærri rekstrarhagnað. Stærstu búin voru með allt að 22%



hærri framlegð og 24% hærri meðalnyt árið 2012 en minnstu búin. Hlutfall rekstrarhagnaðar af beingreiðslum hjá stærri flokkunum sýnir styrk og um leið jákvæða þróun í átt að sjálfbærri mjólkurframleiðslu. Aukin framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark er til marks um það að greiðslur frá afurðarstöðvunum, án beingreiðslna, standi undir kostnaði við framleiðsluaukninguna. Greining á afkomu mjólkurframleiðenda í heild bendir til þess að ríkisstuðningur í formi beingreiðslna sé enn nauðsynlegur en þróunin hefur hins vegar verið nær stöðug fram á við á síðustu árum í átt að aukinni sjálfbærni.

Ef mjólkurframleiðsla hér á landi á að fylgja erlendri þróun ættu bætt meðalnyt að vera aðalmarkmið. Þrátt fyrir að meðalnyt íslenskra kúa hafi dregist aftur úr í alþjóðlegum samanburði ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að vinna upp muninn. Þekkingin og tæknin sem fleytt hafa öðrum þjóðum fram úr okkur eru til staðar.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.